

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 9. júlí 2018
UST201806-033/R.K.
10.05.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn- Svartvatn á Hólasandi - hreinsun og endurnýting- Viðbótarumsögn

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags 2. júlí sl. þar sem óskað er eftir viðbrögðum Umhverfisstofnunar vegna svara framkvæmdaraðila við umsögn stofnunarinnar dags. 21. júní sl.

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var ekki tekin afstaða til matsskyldu framkvæmdar heldur óskað eftir frekari upplýsingum um staðsetningarval á dreifingu svartvatns á Hólasandi sér í lagi vegna upplýsinga um vatnaskil á svæðinu.

Þann 2. júlí sl. var haldinn samráðsfundur með sveitarstjóra Skútustaðahrepps, Landgræðslu ríkisins, Eflu verkfræðistofu, Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, Orkustofnun, Skipulagsstofnun og verkfræðistofunni Vatnaskilum þar sem fjallað var um óvissu um næringarefnaþingun grunnvatns vegna dreifingar á svartvatni innan grunnvatnssviðs Mývatns og Laxár.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið viðbótargreinargerð sem og þær upplýsingar sem fram komu á áðurnefndum fundi.

Staðsetning dreifingar á Hólasandi

Fram kom á fundi með framkvæmdaraðilum að staðsetning dreifingar á suður hluta Hólasands væri vegna aðgengis og gæða svæðis til uppgræðslu að mati Landgræðslu ríkisins. Norðurhluti sandsins væri erfiður yfirferðar vegna hrauns en þó ekki útilokað að dreifing verði síðar á þeim svæðum. Einnig kom fram að fyrsta svæði dreifingar mun verða norðan við grunnvatnsskilin á Hólasandi þó svo þau mörk geti færst til. Í viðbótargreinargerð kemur fram að á því svæði sem dreifing svartvatns mun hefjast er gróðurþekja til að hámarka upptöku næringarefna auk þess sem þau svæði þarfnast mestrar athygli vegna mikils rofs (bls. 2). Þar að auki séu svæðin valin með það í huga að lekt þeirra sé ekki mikil líkt og kom fram í greinargerð matsskyldufyrirspurnar.

Umhverfisstofnun fellst á ofangreind rök hvað varðar staðsetningu dreifingu og hættu á næringarefnamengun Mývatns og Laxár.

Umhverfisstofnun bendir á að álag við Mývatnssvæðið hefur breyst mikið frá árinu 1994 þegar ákvarðað var að áburðardreifing á Hólasandi skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum og því ástæða til að gæta varúðar við ákvörðunartöku um hverskonar framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á svæðið.

Fram hefur komið að Landgræðslan stefnir á að hætta notkun á tilbúnum áburði á svæðinu þegar notkun svartvatns við uppgræðslu hefst. Umhverfisstofnun telur að þar sé um umhverfislegan ávinning að ræða.

Vöktun útskolunar og grunnvatnsmengun

Umhverfisstofnun telur að viðbótargögn varpi skýrara ljósi á áform um vöktun á útskolun næringarefna, einkum köfnunarefnis, við dreifingu svartvatns á Hólasandi og dragi úr óvissu hvað varðar mengun grunnvatns innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Í viðbótargreinargerð segir: „Ítarleg vöktunaráætlun verður því gerð til að fylgjast með vatnsgæðum, útskolun næringarefna til neðri jarðlaga og jarðvatns“ (bls. 8). Um er að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra. Í starfsleyfi fyrir framkvæmdina munu koma fram skilyrði um vöktun og mælingar. Umhverfisstofnun telur að með öflugri vöktun t.d. með sogbollum, eins og áætlað er að viðhafa á svæðinu og fram kemur í greinargerð þá verði hægt að fylgjast með styrk næringarefna sem skolast út í jarðvegi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að mæla styrk næringarefna t.d. í lindum eða í innstreymi í Sandvatn til að fá fram bakgrunnsgildi áður en dreifing svartvatns hefst. Ef mælingar sýna fram á óhóflega útskolun næringarefna, einkum köfnunarefnis, þá hefur eftirlitsaðili úrræði til þess að grípa til viðeigandi aðgerða.


Niðurstaða

Viðbótargreinargerð var vel unnin að mati Umhverfisstofnunar og telur hún upplýsingarnar fullnægjandi til að taka afstöðu til matsskyldufyrirspurnar framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun hefur farið yfir greinargerð framkvæmdaraðila, viðbótarupplýsingar sem stofnunin hefur kallað eftir auk þess sem haldinn hefur verið samráðsfundur með framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og fleiri aðilum sem varpað geta ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið mikilvægt að farið verði af stað með vöktun á svæðinu sem gefi upplýsingar um útskolun næringarefna. Þannig sé hægt að fylgjast með áhrifum og grípa til viðeigandi úrræða ef vöktun leiðir í ljós að næringarefni eða önnur mengunarefni séu að skila sér út í grunnvatn. Í ljósi þess að rannsóknir á útskolun næringarefna eru takmarkaðar hér á landi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að farið verði í framkvæmdina með þeirri varfærni sem gert hefur verið ráð fyrir í gögnum og kynningum á fyrirhugaðri framkvæmd. Að því gefnu metur stofnunin ofangreinda framkvæmd, eins og henni er lýst í greinargerð og viðbótargögnum, ekki líklega til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Adalbjörg Birna Guttormsdóttir
Sérfræðingur